



ER SSNV AÐ LEITA AÐ ÞÉR?

Verkefnastjóri fjárfestinga og atvinnuþróunar

SSNV leitar að öflugum, framsýnum og markaðsþenkjandi verkefnisstjóra til að styðja við framþróun í atvinnu-, fjárfestinga- og markaðsmálum landshlutasamtakanna.

Um er að ræða fjölbreytt starf sem tengist atvinnustarfsemi landshlutans, fjárfestingum og markaðssetningu á þeim fjölbreyttu tækifærum sem Norðurland vestra býður upp á.

Verkefnastjóri fjárfestinga og atvinnuþróunar leiðir fjárfestingaverkefni landshlutans og sækir fram þar sem tækifæri gefast til að kynna fjárfestingatækifæri á Norðurlandi vestra og efla atvinnulíf landshlutans. Þá ber hann ábyrgð á markaðsmálum samtakanna.

SSNV eru landshlutasamtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra. Hjá SSNV starfar metnaðarfullt teymi sem vinnur að östriðu fyrir samfélagið, fyrirtæki og fólk á svæðinu. Starfsstöðvar SSNV eru á Hvammstanga, Blönduósi, Skagaströnd og á Sauðárkróki.

Við leitum að einstaklingi sem er tilbúinn til að vinna með okkur að eflingu svæðisins og taka þátt í spennandi vegferð og uppbyggingu.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Umsókn skal fylgja starfsferilskrá á íslensku og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

SSNV leggur áherslu á jafnrétti og hvetur öll áhugasöm til að sækja um starfið. Starfshlutfall er 100%.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Kortleggja, þróa og vinna markvisst að framgangi fjárfestingatækifæra á Norðurlandi vestra
- Leiða og fylgja eftir fjárfestingaverkefnum í landshlutanum
- Veita frumkvöðlum og fyrirtækjum atvinnuráðgjöf
- Stuðla að uppbyggingu og eflingu atvinnulífs á svæðinu
- Markaðsmál SSNV
- Kynna Norðurland vestra sem ákjósanlegan stað fyrir fjárfestingar og atvinnurekstur
- Þátttaka í öðrum verkefnum SSNV á sviði atvinnu- og byggðapróunar eftir þörfum.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf sem nýtist í starfi.
- Reynsla af þeim málaflokkum er undir starfið heyra.
- Þekking og reynsla af markaðssetningu er kostur.
- Haldbær þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu og starfsemi sveitarfélaga er kostur.
- Framúrskarandi samskiptafærni og tölvukunnátta.
- Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og jákvæðni.
- Framsýni og metnaður.
- Góð rit- og talfærni á íslensku og ensku og hæfni í framsetningu upplýsinga á aðgengilegan hátt.

Nánari upplýsingar veitir: Sveinbjörg R. Pétursdóttir framkvæmdastjóri SSNV (sveinbjorg@ssnv.is)
Sótt er um starfið á alfred.is eða á netfangið ssnv@ssnv.is